

## GJALDSKRÁ

### fyrir undanþágu frá banni við hundahaldi í Borgarnesi árið 2005.

#### 1. gr.

Skráningargjald sbr. staflíð c í 2. gr. samþykktar nr. 577/1995 um bann við hundahaldi í Borgarnesi skal árið 2005 vera kr. 3.000 og greiðist við skráningu hundsins.

#### 2. gr.

Árgjald fyrir að halda hund sbr. staflíð c í 2. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 8.000 fyrir allt árið eða hluta úr ári.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. júlí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

#### 3. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000, auk þess sem greiða skal kr. 700 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

#### 4. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 3. janúar 2005.*

**Páll S. Brynjarsson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Þverá I.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, frá 26. mars 1997.

Breytingin felst annars vegar í því að 3,64 ha opið svæði til sérstakra nota (tún- og garðrækt) og opið óbyggt svæði, breytist í svæði fyrir frístundabyggð. Hins vegar breytist 23,8 ha opið svæði til sérstakra nota (tún- og garðrækt), opið óbyggt svæði og nytjaskógræktar-svæði, í frístundabyggðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. janúar 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*